

Leikskólinn Baugur

Upplifun og ævintýri – læsi og samskipti

Verkefnastjóri: Gerður Björk Harðardóttir

Þátttakendur í verkefninu voru öll börn og allt starfsfólk leikskólans.



Bakgrunnur og markmið leikskólans með verkefninu.

Þjóðarsáttmáli um eflingu læsis er í gangi í Þjóðfélaginu. Haustið 2016 var mál- og læsisstefna fyrir leik- og grunnskóla Kópavogs sett í framkvæmd og er heiti þess verkefnis:

“Læsi er meira en stafa staut”. Allir leikskólar Kópavogs tóku þátt í verkefninu, Baugur þar á meðal.

Baugur hélt áfram að þróa verkefni síðasta árs sem var „Læsi og samskipti“. Þaðan nýttum við sama þema fyrir hvern árgang til að vinna með í verkefninu: Eins og tveggja ára börnin voru með þemað „ég sjálf/ur“, áhersla lögð á þau sjálf, skynjun, leikskólann og umhverfi hans. Þriggja og fjögurra ára börnin voru með þemað „ég sjálf/ur“, fjölskyldan og nánasta umhverfi. Fimm ára börnin voru með þemað „ég sjálf/ur“, fjölskyldan, umhverfið og samfélagið.

Markmiðin voru:

- Að börnin læri að lesa í umhverfi sitt, tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.
- Að börnin upplifi jákvæð og uppbyggileg samskipti, fái tækifæri til að deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Að efla fjölbreytta vinnu með alla þætti málproska, málskilnings, tjáningar og læsis í leik og skapandi starfi barna.
- Að börnin fái að tækifæri til að semja og hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Að börnin fái möguleika að lesa í umhverfi sitt í útiveru og vettvangsferðum þar sem útiveran býður upp á mörg tækifæri til samskipta og leiks sem eykur félagsfærni og styrkir sjálfsmýnd.
- Að velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu annarra þjóða.
- Að börnin öðlist skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu og leggja öflugan grunn að þróun bernskulæsis hjá börnum.



Lýsing á framvindu/framkvæmd.

Hver deildarstjóri sá um að útfæra verkefnið á sinni deild með markmiðin í huga. Þær leiðir sem farnar voru:

- Vettvangsferðir voru nýttar til að kanna umhverfi barnanna. Yngstu börnin voru að kynna sín allra nánasta umhverfi sem er leikskólinn og leikskólalóðin. Því eldri sem börnin eru því lengra var farið í vettvangsferðir og var t.d. farið í ferðir heim að húsum barnanna. Elstu börnin fóru svo í ýmsar ferðir um Kópavog ásamt því að fara í lengri ferðir út fyrir Kópavog. Í þessum ferðum var lögð áhersla á að leggja orð á hluti.
- Vinátta og samskipti barnanna eru mjög mikilvægir þættir og er unnið með fjölbreytt vinnubrögð, s.s. hlustun, umræðu og tjáningu í leik. Yngri börn leikskólans unnu með vináttu með því að læra grunnsamskipti í öllu sínu daglega starfi. Þau notuðu mikið tónlist og dans til tjáningar. Eldri börn leikskólans unnu með vináttuverkefni Barnaheilla þar sem er hvatt til samtala og leikja með börnum sem byggja á gildum verkefnisins; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Vinastundir voru einu sinni í viku þar sem farið var í ýmis atriði tengd vináttu og samskiptum barnanna.



- Samræðulestur er leið til að fá börn til að tala um bækur (það sem gerist í þeim) með það að markmiði að efla málhæfni og auka orðaforða þeirra. Mikil áhersla var lögð á að lesa fyrir börnin á hverjum degi. Sumar deildir voru með bókaorm vikunnar þar sem eitt barn var bókaormur vikunnar, þá kom barnið með bók að heiman til að sýna félögum. Markmiðið var að vekja áhuga barnanna á bókum, efla málhæfni og auka orðaforða þeirra, auka áhuga og tilfinningu barnanna fyrir stöfum, ritmáli og tengingu þess við orð og bækur. Einnig var lögð áhersla á aðgengi barna að bókum þar sem þau gátu auðveldlega náð sér í bók til að skoða.
- Lubbi finnur málbein er námsefni sem hjálpar börnum að læra íslensku máhljóðin. Börnin læra að tjá sig og hlusta, nýta leiki sem þjálfu athygli og einbeitingu í gegnum markvissa málörvun. Hver deild hafði lubbastund einu sinni í viku og voru verkefni við hæfi aldurs barnanna. Í hverri Lubbastund voru ákveðin máhljóð tekin fyrir og unnið sérstaklega með þau. Hvert máhljóð hefur sitt tákni og hjálpar það börnunum að læra þau. Hjá yngstu börnum var lögð áhersla á sjálf máhljóðin og lögin sem fylgdu þeim. Notast var einnig við ýmsar ljósmyndir, t.d. af dýrum til að fá börnin til að tjá sig og þannig læra þau ýmis orð. Hjá eldri börnunum var farið að tengja máhljóðin við heiti bókstafanna og farið að skoða ýmis orð og byggingu þeirra eins og fyrsta hljóð í orði. Ýmis verkefni voru gerð til að efla hljóðkerfisvitund barnanna og þá oft nýtt ýmiss konar spil. Áhersla var lögð á að börnin þekktu nafnið sitt og gætu skrifað það og voru notaðar ýmsar leiðir við það.



- Numicon eru námsgögn hönnuð til þess að hjálpa börnum að sjá tengsl milli talna með því að handleika formin og búa til tengsl milli mynda. Meginhugmyndin að baki stærðfræðinnar er mynstur og eftir því sem skilningur barna er betri á mynstri og mynsturgerð, því betur gengur þeim að sjá tengsl talna. Flestar deildir reyndu að hafa Numicon í boði einu sinni í viku og unnu ýmis verkefni með stærðfræðikubbana. Annar efniviður var líka nýttur, bæði opinn efniviður sem og ýmis verkefni sem bjóða upp á skemmtilegan leik til að efla talnakunnáttu og ýmis önnur stærðfræðileg hugtök.
- Tras er skráningarlisti sem notaður er til að fylgjast með máltöku og félagsþroska tveggja til fimm ára barna. Þetta nýtist við undirbúning foreldraviðtala þar sem hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því gegnum alla leikskólagönguna. Sá kennari sem þekkir barnið best svarar spurningunum á listanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi.

Í öllu þessu starfi með börnunum voru gerðar skráningar til að gera starfið sýnilegra. Einnig var öllum hugmyndum safnað saman í verkefnaöppu til að miðla á milli starfsfólks.



Aðferðir við öflun gagna.

Haustið 2016 voru allir leik- og grunnskólar með sameiginlegan skipulagsdag sem bar yfirheitið „Stóri læsisdagurinn“. Allt starfsfólk leikskólans fór þá á mismunandi fyrirlestra tengt læsi þar sem allir fengu smá þekkingu um læsi. Þá fór allt fagfólk á námskeið í Tras, því það var ákveðið að leikskólinn myndi notast við Tras. Tras er skráningarlisti fyrir kennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Á skipulagsdegi fengum við fyrirlestur um Lubbi finnur málbein. Fór allt starfsfólk leikskólans á hann, þannig gátu allir starfsmenn haldið Lubbastundir með börnunum. Við keyptum ýmis námsgögn um Lubba fyrir allar deildir svo allir gætu nýtt sér það í starfinu. Starfsfólk nýtti síðan undirbúningstíma sinn eins og það gat til að undirbúa starfið fyrir sína deild.

Hvernig mun verkefnið nýtast

Verkefnið mun nýtast vel þar sem starfsfólk hefur nú fengið nokkuð góða fræðslu á ýmsum þáttum tengt læsi og samskiptum. Allir eru orðnir meðvitaðri um læsi og samskipti í daglegu starfi í leikskólanum. Einnig erum við nú komin með ýmis verkfæri í hendurnar og þá er bara að einbeita okkur að því að bæta við þekkingu á því sviði.



Niðurstöður og mat.

Starfsfólk fékk spurningarlista til að segja frá upplifun þeirra af verkefninu. Það sem stóð helst upp úr var hversu vel gekk að innleiða Lubba og hversu ánægt starfsfólk var að hafa í höndum námsefni til að nota. Flestir tóku virkan þátt og höfðu gaman að. Lubbi er svo frábær, þar sem það námsefni hentar í raun öllum aldri og er hægt að vinna ýmis verkefni tengt því. Börnin höfðu gaman af og voru áhugasöm um Lubba og virtist námsefnið skila sér í betri þekkingu þeirra á máhljóðunum. Samræðulestur gekk líka vel, með honum verður starfsfólk meðvitaðra um orðaforða barnanna. Bókaormur gekk vel en við viljum bæta samstarf við heimili barnanna og fá foreldra betur inn í það samstarf. Starfsfólk notaði Numicon stærðfræðikubba nokkuð mikið en hefði viljað nota það meira og t.d. setja það fast inn í dagskipulagið svo það gleymist ekki.

Því miður voru mikil veikindi á meðal starfsmanna þennan veturinn og hafði það áhrif á framgang verkefnisins. Það er að segja ekki gafst eins mikill tími og við hefðum viljað t.d. til að ígrunda með öðrum kennurum, frekar hver og einn að vinna í sínu horni.

Starfsfólk vill halda áfram með sama verkefni til að dýpka sig á þessu. Einnig tengist þetta allt saman öllum námssviðunum þar sem þetta fléttast inn í allt daglegt starf með börnunum. Starfsfólk var sammála um að verkefnið muni nýtast vel þar sem allir eru orðnir meðvitaðri um læsi og samskipti í daglegu starfi í leikskólanum. Við teljum að það muni reynast vel að allur leikskólinn sé að stefna að því sama þannig að það bætist við á næstu deild þannig að það er hægt að halda áfram. Eins og með Lubba þá eru allir að vinna með sama grunn sem börn og kennarar þekkja til.

Lokaorð.

Verkefnið gekk mjög vel í heildina og starfsfólk var í heildina ánægt. Það sem stendur upp úr er Lubbi finnur málbein og það er augljóst að starfsfólk er ánægt að fá í hendur verkfæri til að nota með börnunum. Með því að hafa sama námsefni þá myndast ákveðin samfella í námi barnanna þar sem verið er að byggja ofan á grunninn. Nú er bara að halda áfram á sömu braut og efla okkur enn meira í þessari vinnu.

